



Barnaheill

Fundargerð stjórnarfundar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Tími: Miðvikudagurinn 22. nóvember 2023 kl. 15:00
Fundur: 7. fundur ársins 2023
Staður: Fákafen 9 og á TEAMS
Mætt: Pétur Óli Gíslason, Eva Huld Ívarsdóttir og Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir.
Teams: Sólveg Rós Másdóttir
Boðuð forföll: Ólafur Aðalsteinsson, Anna Magnea Hreinsdóttir, Herdís Pála Pálsdóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Ungheill
2. Fjármál
3. Húsnæðismál
4. Vinnustofa - næstu skref
5. Ráðning framkvæmdastjóra
5. Önnur mál

1. Ungheill kynnir starfsáætlun

- Nína varaformaður Ungheilla kynnti sig, stjórn ungmennaráðsins og starfsáætlun fyrir stjórn. Hún sagði frá viðburði í október með þingmönnum allra stjórnmalaflokka. Þau vilja fleiri slíka viðburðir á næstunni, aftur með þingmönnum. Væri gott að geta sótt um aðild Landsamband Ungmennafélaga LUF. Mikilvægt að fá bankareikning, framkvæmdastjóri útfærir málið. Nína var með erindi á Náum áttum fundi nýlega og þau vilja halda slíku áfram á næstunni. Ungheill tóku þátt í Barnaþingi um miðjan nóvember og voru ánægð með það.
- Stjórnarmeðlimir spurðu um áform um að stækka hópinn, hvernig kosið er í stjórn og hvernig við náum til fleiri krakka og þá mögulega tengja það við sjálboðaliðastarf samtakanna.
- Sameiginlegur skilningur á að efla Ungheill og bjóða uppá framúrskarandi aðstæður fyrir hópinn. Mikið og gott samstarf mikilvægt, með góðu upplýsingaflæði á milli aðila um viðburði og samstarf sem ein heild.
- Stjórn kallar inn stjórnarmeðlimi frá Ungheillum á stjórnarfundum þegar þörf er á innleggi Ungheilla.

2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála samtakanna janúar – október 2023. Staðan lítur ágætlega út eftir árið og jólaherferðir munu vonandi hjálpa til við að skila lokamánuðum ársins ágætum. Með endurskipulagningu er bjartsýni framundan fyrir komandi ár.

3. Húsnæði

Framkvæmdastjóri hefur kannað með möguleg skrifstofuúrræði sem henta starfsemi samtakanna eins og þau standa nú. Niðurstaðan er sú að það eru tækifæri í boði til að lækka kostnað við húsnæði, en það verður í höndum nýs framkvæmdastjóra að finna það rými sem hentar þeim starfsmannafjölda sem komandi ár mun hýsa.

4. Vinnustofa - næstu skref

Stjórn er ánægð með vinnustofuna og samstarf stjórnar og starfsfólks, sem og nýjar áherslur fyrir næstu misseri. Málín verða tekin áfram með nýjum framkvæmdastjóra.

5. Ráðning framkvæmdastjóra

Formaður fer yfir stöðu mála með stjórn (framkvæmdastjóri viku af fundi).

6. Önnur mál

Bjarni Torfi Álfþórsson, varaformaður, óskaði í október eftir að víkja úr stjórn. Ekki var tekin ákvörðun um aðrar breytingar á störfum stjórnar að sinni í ljósi þess.

Fundi slitið kl. 16:05

Berglind Sigmarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, ritaði fundargerð.

Afgreiðsla : Fundargerð send til rafrænnar undirritunar í gegnum Dokobit.